



Sumar fréttabréf Húsavíkurstofu

Skrifað af Örlygi Hnefli Örlygssyni
& Sólveigu Ásu Arnarsdóttir

Ýmis verkefni hafa verið í gangi hjá Húsavíkurstofu í sumar og hér verður stiklað á því helsta.

Í byrjun sumars stóð Húsavíkurstofa fyrir námskeiði fyrir erlent starfsfólk í ferðapjónustu. Þar var farið yfir sögu svæðisins, náttúruperlurnar okkar og hvernig hvert og eitt okkar er andlit bæjarins. Þá voru líflegar og skemmtilegar umræður að námskeiði loknu.

Í sumarbyrjun hófst stofan einnig handa við að safna myndefni fyrir stórt kynningarmyndband um hafnaraðstöðu á Húsavík og voru góðviðris dagar oft nýttir til að ná fallegum skotum á hafnarsvæðinu. Húsavíkurstofa tók á móti Bylgjunni, X-inu og FM957 sem voru á ferð um landið og við skipulögðum skemmtilega leikjadagskrá her á Húsavík sem var gerð góð skil á samfélagsmiðlum og á útvarpsstöðvunum en stöðvarnar kepptu sín á milli.

Að ósk SSNE tók Húsavíkurstofa að sér að skipuleggja ýmsa viðburði í kringum Sæskrímslahátíðina á hafnarsvæðinu þann 12. júní auk þess sem stofan sá um kynningar- og leyfismál fyrir viðburðinn. Stofan framleiddi myndbandsauglýsingu sem fékk yfir 46 þúsund áhorf og var mjög góð aðsókn að viðburðinum.



Í lok júní stóð Húsavíkurstofa aftur fyrir námskeiði fyrir erlent starfsfólk í ferðapjónustu á Húsavík. Námskeiðin vöktu mikla ánægju aðildarfyrirtækja en alls sóttu samtals um 60 starfsmenn aðildarfyrirtækja Húsavíkurstofu námskeiðin tvö. Á síðara námskeiðinu var rétt sérstaklega um frásagnarlist og hvernig við getum betur miðlað áhugaverðum sögum til gesta okkar. Þá sköpuðust líkt og á fyrra námskeiði miklar umræður um ferðapjónustuna, hvað er gert vel og hvað við getum gert betur. Starfsfólkið skoraði á stofuna að beita sér fyrir því að upp yrði komið hjartastuðtæki á hafnarsvæðinu og er þegar búið að kanna verð og kosti í uppsetningu og mun stofan fylgja því eftir að slíkt tæki verði komið upp fyrir upphaf næsta sumars.

Tvær helgar í aðdraganda Mærudaga stóð Húsavíkurstofa fyrir viðburðum í miðbænum, fyrst Miðbæjarfjörri þann 14. júlí og tókst vel að fá gesti af skemmtiferðaskipinu Holland America inn á miðbæjarsvæðið og skapaðist stórkostleg stemning með götuleikjum, lifandi tónlist, andlitsmálun o.fl. og voru þjónustuaðilar hæst ánægðir með hvernig til tókst. Aftur var blásið til gleði þann 19. júlí þegar fram fór Föstudagsfjör í miðbænum en auk þess bað Norðurþing stofuna að annast dagskrá við opnun Regnbogabrautar á Garðarsbraut.



VISIT HÚSAVÍK

Síðari hluta sumars hefur stofan unnið að nýju og uppfærðu kynningarefni fyrir hafnir Norðurljóða. Unnið var stórt kynningarmyndband fyrir Hafnasjóð Norðurljóða og var það kynnt stjórn sjóðsins á fundi þann 21. ágúst og er nú unnið að minniháttar viðbótum sem stjórnin óskaði eftir. Myndbandið sem nú er í vinnslu snýr að hafnaraðstöðu á Húsavík en einnig verður unnið myndband um hafnaraðstöðu og móttöku skipa á Raufarhöfn og hefst sú vinna í næstu viku og einnig verður tekið upp þegar skipið Rembrandt Van Rijn kemur til Raufarhafnar þann 12. október n.k. Þá hefur stofan í sumar unnið að gerð sérstakrar vefsíðu fyrir hafnir Norðurljóða og opnar hún í september.

Í júní byrjun tók nýr starfsmaður til starfa þegar Sólveig Ása Arnarsdóttir var ráðin í umsjón með samfélagsmiðlum stofunnar. Sólveig hefur nú verið ráðin í 40% stöðu verkefnastjóra við Húsavíkurstofu í vetur þar sem hún mun annast dagsdagleg verkefni stofunnar. Örlygur Hnefill Örlygsson mun einnig halda áfram störfum hjá Húsavíkurstofu í 40% stöðugildi sem verkefnastjóri en Örlygur mun einblína á markaðssetningu hafnarinnar.